Qualified Electronic Signature
SKÚLI ÞÓRÐARSON
2022-12-15 14:06:30 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
STEINAR RAFN BECK BALDURSSON
2022-12-15 14:10:47 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Heydalur ehf
Heydal
401 Ísafjörður

Akureyri, 15. desember 2022
UST202111-192/S.R.B.
08.12.01

**Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi til fiskeldis- Ævintýradalurinn ehf.**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Ævintýradalsins ehf. vegna starfsleyfis til landeldis í Heydal, Súðavíkurhreppi.
Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir eldi á bleikju.
Starfsleyfið byggir á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.
Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.
Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 15. desember 2038.
Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
***sviðsstjóri***

Steinar Rafn Beck Baldursson
***sérfræðingur***